

171

19. okt.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður færir inn í sérstaka skemmtanaskattbók nafn forstöðumanns, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina, tölu óseldra miða og seldra, og útreikning skattsins. Falli skemmtun niður, skal þess getið í bókinni.

Nú sannar forstöðumaður fyrir oddvita eða eftirlitsmanni, að einhverjum miðum hafi verið útbýtt ókeypis, og er þá rétt, að eigi sé greiddur skattur af þeim miðum, enda teljist þeir þá í skemmtanaskattbókinni meðal skilaðra miða.

9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins og verja því til hvers konar menningar- og framfaramála í Öngulsstaðahreppi eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00. Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 19. október 1957.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

172

24. okt.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

Staðfest:

| | |
|---|----------------|
| 145. Árskógshrepps, Eyjafjarðarsýslu | 11. okt. 1957. |
| 146. Bólstaðarhlíðarhrepps, Austur-Húnavatnssýslu | 11. — 1957. |
| 147. Eyrarbakkahrepps, Árnessýslu | 11. — 1957. |
| 148. Gnúpverja, Árnessýslu | 11. — 1957. |
| 149. Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu | 11. — 1957. |
| 150. Lýtingsstaðahrepps, Skagafjarðarsýslu | 11. — 1957. |
| 151. Skarðshrepps, Dalasýslu | 11. — 1957. |
| 152. Skriðdalshrepps, Suður-Múlasýslu | 11. — 1957. |
| 153. Fremri-Torfustaðahrepps, Vestur-Húnavatnssýslu | 11. — 1957. |

| | Staðfest: | 172 |
|--|----------------|----------|
| 154. Eiðapinghár, Suður-Múlasýslu | 21. okt. 1957. | 24. okt. |
| 155. Grafningshrepps, Árnessýslu | 21. — 1957. | |
| 156. Grýtubakkahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu | 21. — 1957. | |
| 157. Hálsahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu | 21. — 1957. | |
| 158. Hofshrepps, Austur-Skaftafellssýslu | 21. — 1957. | |
| 159. Hrafnagilshrepps, Eyjafjarðarsýslu | 21. — 1957. | |
| 160. Hvammshrepps, Vestur-Skaftafellssýslu | 21. — 1057. | |
| 161. Laxdæla, Dalasýslu | 21. — 1957. | |
| 162. Raufarhafnarhrepps, Norður-Þingeyjarsýslu | 21. — 1957. | |

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

173

24. okt.

um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind héraðssamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 23 14. febrúar 1957:

| | Staðfest: |
|--------------------------------|----------------|
| 15. Í Borgarfjarðarsýslu | 11. okt. 1957. |
| 16. Í Mýrasýslu | 11. — 1957. |

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Ritsímafélagsins útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. 25. okt. október 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Ritsímafélagsins.

1. gr.

Styrktarsjóður Mikla Norræna Ritsímafélagsins er stofnaður með gjafabréfi, sem póst- og símamálastjóra var afhent af Mikla Norræna Ritsímafélagsinu í til-efni af 50 ára afmæli landssímans 29. september 1956. Höfuðstóll sjóðsins er ísl. kr. 150 000.00 eða tilsvarendi upphæð í dönskum gjaldeyri.